

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ingu Björk Margrétar Bjarnadóttur um greiðslur til fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hafa ríki og sveitarfélög greitt fyrirtækjum í velferðarþjónustu sem rekin eru í hagnaðarskyni fyrir þjónustu sína, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum á tímabilinu 2012–2022?*
2. *Hversu háar arðgreiðslur hafa fyrrgreindu fyrirtæki greitt sér á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum?*
3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að takmarka arðgreiðslur í velferðarþjónustu?*

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur ekki gert samninga við fyrirtæki í velferðarþjónustu sem rekin eru í hagnaðarskyni fyrir þjónustu sína. Þeir samningar sem gerðir hafa verið um þjónustukaup á málefnasviðum ráðuneytisins, sem ekki falla undir starfsemi stofnana ráðuneytisins, hafa hingað til verið við óhagnaðardröfin félagasamtök.